

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

VISIT REYKJAVÍK



Ársskýrsla 2023

Efnisyfirlit

• Ávarp formanns	3
• Hugleiðingar framkvæmdastjóra	4
• I. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins	6
• II. Stefnumörkun áfangastaðarins	13
• III. Verkefni á árinu	17
• IV. Ársreikningur	24



Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins tekur til starfa

Eftir ítarlegt og gott undirbúningsferli með góðu samtali við hagaðila tók ný markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins til starfa í apríl 2023. Að undirbúningi stofunnar stóðu sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og atvinnulífið í gegnum Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins, Samtök ferðaþjónustunnar og Samtök verslunar og þjónustu, auk þess sem stjórnvöld studdu við verkefnið.

Stofnendur Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins eru Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins. Stofnun stofunnar markar tímamót fyrir svæðið þar sem sveitarfélög og fyrirtæki standa í fyrsta sinn saman að því að þróa og markaðssetja áfangastaðinn í heild. Um leið er Markaðsstofan áfangastaðastofa sem styður við ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu.

Samhliða stofnun Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins var fyrsta áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins 2023–2026 birt. Áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins er fyrsta skrefið í vinnu við að skilgreina áfangastaði á svæðinu, hvar tækifærin liggja og hvar uppbyggingar er þörf. Höfuðborgarsvæðið er því í fyrsta sinn komið með sameiginlega áætlun sem sveitarfélög, fyrirtæki og stjórnvöld geta notað fyrir framtíðarskipulag og frekari þróun og nýjar áherslur.

Stjórn stofunnar hefur unnið þétt saman frá stofnun, kynnt sér aðrar markaðs- og áfangsstaðastofur og haldið vinnufundi ásamt reglulegum stjórnarfundum. Stjórnin er sett saman af fulltrúum fyrirtækja og sveitarfélaga og verður að segjast að innan stjórnar er að finna dýrmæta reynslu og þekkingu, hvort heldur vegna starfa við ferðaþjónustu eða í sveitarstjórnnum. Stjórnin hefur unnið vel saman og vil ég sérstaklega þakka fyrir það og fyrir áhuga og metnað stjórnarfólks.

Nýr framkvæmdastjóri, Inga Hlín Pálsdóttir, tók til starfa í byrjun maí 2023 eftir opið umsóknarferli. Á meðan vann stjórn að því að stilla upp umgjörð og skipulagi. Mikil kraftur er í starfi stofunnar og hefur verkefnum fjölgað og öflugt starfsfólk verið ráðið inn. Eitt af fyrstu verkefnum var stefnumörkun fyrir áfangastaðinn þar sem áherslur voru lagðar í þróun og markaðssetningu ásamt markmiðum og mælikvörðum. Henni lauk í lok árs en þar var einnig ákveðið að vinna með ákveðna mælikvarða sem nú er verið að stilla upp og vakta.

Með stofnun markaðs- og áfangastaðastofu skapast mikil tækifæri fyrir fyrirtæki og sveitarfélög til aukinnar samvinnu og samtals öllum til heilla.

Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka fyrirtækjum og sveitarfélögum fyrir samstarfið og starfsfólki fyrir öflugt og metnaðarfullt starf.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
Formaður stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses.

Hugleiðingar framkvæmdastjóra



Fyrsta árið að baki

Það var áskorun en jafnframt tækifæri að byrja frá grunni með Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins þegar framkvæmdastjóri hóf störf í maí 2023 eftir að stofan hafði verið stofnuð í apríl. Næstu starfsmenn hófu svo störf í október og desember þannig að í lok árs voru starfsmenn stofunnar orðnir þrír.

Á okkar fyrsta stutta starfsári hleyptum við af stokkunum fjölda verkefna og þegar lítið er um öxl má með sanni segja að mikið hafi áunnist á stuttum tíma. Samstarf við aðildarfélagana, bæði sveitarfélögin sex sem standa að stofunni, og þau fjölmörgu fyrirtæki sem slegist hafa í hópinn, hefur verið gefandi og náð. Mjög margt var sett af stað á árinu 2023 sem mun bera ávöxt síðar og línur hafa verið lagðar fyrir komandi tíma.

Eitt meginverkefni okkar er að efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á svæðinu, sérstaklega milli sveitarfélaganna, atvinnulífsins og stoðkerfisins, en einnig að eiga samtal við íbúa. Þar er hugsunin um sjálfbærni mikilvæg. Borgir og svæði um allan heim vinna að því í mismiklum mæli að efla sjálfbærni sinna áfangastaða. Það er erfitt að finna stefnu þar sem sjálfbærni er ekki hluti af framtíðarsýninni og reynt er að tryggja jákvæða þróun sem er í sátt við íbúa, atvinnugreinina og ferðamennina sjálfa.

Það var því eitt af okkar fyrstu verkefnum að vinna stefnumörkun með okkar hagaðilum þar sem við áttum góða umræðu um gildi og þróun áfangastaðarins. Ásamt því að ræða um innviði, upplifun, vöru og þjónustu sem ætti að bjóða upp á, og já, mögulega ekki bjóða upp á.

Þarna skapaðist mikilvægur vettvangur til þess að stilla saman strengi. Þarna lögðum við línur um framtíðarsýn okkar um að vera þekkt fyrir að vera leiðandi í sjálfbærni, ein heild fyrir fjölbreytta upplifun, staður til þess að hægja á, samfélag lífsgæða og gestrisinn áfangastaður.

Það er ánægjulegt að sjá hve Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins hefur eflst á stuttum tíma. Við munum áfram vinna að því að hvetja ferðaþjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu til að gerast aðilar að stofunni og taka þátt í samtalinu og samstarfinu. Við munum ýta af fullum krafti undir tengslastarf og samvinnu meðal aðila í ferðaþjónustu á svæðinu og skapa þannig aukinn slagkraft fyrir höfuðborgarsvæðið.

Við erum bara rétt að byrja!

Inga Hlín Pálsdóttir
Framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses.



I. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins



Um stofuna

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins ses. var stofnuðu þann 3. apríl 2023. Stofnaðilar voru Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins. Stofnun Markaðsstofunnar hafði verið í undirbúningi í tvö ár.

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins starfar með eftirtöldum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ, Reykjavík og Seltjarnarnesi.

Öll starfandi fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu geta orðið aðildarfélagar og greiða sérstakt aðildargjald. Það er skilyrði að fyrirtækin hafi leyfi frá Ferðamálastofu eða annarra slíkra aðila til rekstrar.

Samhliða stofnun stofunnar var fyrsta áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins gefin út í apríl 2023. Í henni koma fram áherslur fyrir áfangastaðinn til næstu þriggja ára. Þetta er í fyrsta skipti sem slík áætlun er gerð fyrir höfuðborgarsvæðið í samstarfi allra hagaðila.

Markaðsstofan hóf störf í húsakynnum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í Hamraborg 9 í Kópavogi. Í september 2023 flutti hún að Þórunnartúni 2 í Reykjavík.

Hlutverk Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins er að þróa og markaðssetja áfangastaðinn í heild. Lögð er áhersla á að efla atvinnustarfsemi og auka gjaldeyristekjur.

Helstu áherslur eru að:

- Efla vitund og þekkingu um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn sem íbúa.
- Þróa, móta og efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs, ríkis og stoðkerfis.
- Efla samkeppnishæfni og slagkraft áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- Stuðla að sátt íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.
- Styrkja stoðir og uppbyggingu ferðaþjónustunnar, bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu og atvinnustarfsemi.
- Annast markaðs- og kynningarstarf, áfangastaðapróun og stuðla að fagmennsku.
- Vera málsvari og samnefnari fyrir ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu.

Stofan er markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins.



Stofnaðilar Markaðsstofu
höfuðborgarsvæðisins og
ný stjórn stofunnar

Stjórn

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, Reykjavík (formaður)
Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Eldingar (varaformaður);
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Hafnarfjörður
Jakob E. Jakobsson, framkvæmdastjóri Jómfrúarinnar
Eva Josteinsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Center Hotels
Elísabet Sveinsdóttir Kópavogur
Sævar Birgisson, Mosfellsbær

Varamenn:
Dagbjört S. Oddsdóttir, Seltjarnarnes
Stella Stefánsdóttir, Garðabær
Friðrik Josh Friðriksson, eigandi og framkvæmdastjóri Safari

Stjórn hittist að jafnaði einu sinni í mánuði. Stjórn hélt vinnufund á Akureyri í lok maí þar sem hún setti sér starfsreglur, markmið og kynnti sér starfsemi Markaðsstofu Norðurlands.

Starfsfólk

Inga Hlín Pálsdóttir, framkvæmdastjóri (hóf störf í maí)
Íris María Stefánsdóttir, verkefnisstjóri markaðsmála (hóf störf í október)
Margrét Wendt, verkefnisstjóri þróunar og sjálfbærni (hóf störf í desember)

Stefnuráð

Hlutverk stefnuráðs er að vera tengiliður milli stofnenda og samstarfsaðila stofunnar og stjórnar hennar, koma að stefnumótun og áætlanagerð og hafa eftirlit með starfsemi í samræmi við það sem kveðið er á um í samþykktum hennar. Stefnuráð hittist tvisvar á ári en fyrsti fundur stefnuráðsins var haldinn í Sveinatungu, Garðabæ, 13. september.

Í stefnuráði eru:
Auður Jónsdóttir, Aurora Basecamp Iceland
Andri Ómarsson, Hafnarfjörður
Gísli S. Brynjólfsson, Reykjavík
Guðlaugur Kristmundsson, FlyOver Iceland
Hulda Hauksdóttir, Garðabær
Lovísa Jónsdóttir, Mosfellsbær
María Björk Óskarsdóttir, Seltjarnarnes
Nadine Guðrún Yaghi, Play
(Inga Dís Richter, Icelandía kom seinna inn í stað Nadine)
Ragnheiður Hauksdóttir, Kea Hotels
Sverrir Kári Karlsson, Kópavogur
Þórir Garðarsson, formaður Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins

Faghópar

Ýmsir faghópar verða starfandi hjá stofunni. Faghópur sveitarfélaga hittist mánaðarlega í byrjun til þess að tryggja samlegð í verkefnum sveitarfélaganna en í honum er einn fulltrúi/verkefnisstjóri frá hverju sveitarfélagi. Í faghópi þróunar og markaðsmála eru allir aðildarfélagar sem tóku þátt í stefnumörkun stofunnar.

Sveitarfélög

Samningar voru gerðir við sveitarfélögin sem gilda til ársloka 2025 þar sem markmið eru sett upp um að þróa og markaðssetja áfangastaðinn í heild. Sérstök áhersla er á að efla atvinnustarfsemi og auka gjaldeyristekjur. Stofan sé markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, stjórnvalda og atvinnugreinarinnar á svæðinu þegar kemur að ferðamálum.

Samkvæmt skilgreiningu er áfangastaðastofa svæðisbundin þjónustueining á vegum opinberra aðila og einkaaðila sem hefur það meginhlutverk að styðja við ferðapjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi.

Ferðamálastofa

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins gerði samning við Ferðamálastofu á árinu en markmið hans er að efla stoðkerfi ferðapjónustunnar og stuðla að jákvæðum framgangi ferðapjónustu á starfssvæði stofunnar.

Eitt meginverkefni stofunnar skv. samningi er að leggja fram áfangastaðaáætlun fyrir landssvæðið og tryggja að sú áætlun sé í samræmi við aðra lögbundna áætlanagerð og aðal- og deiliskipulag fyrir viðkomandi svæði.

Forsendur samningsins eru framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðapjónustu til 2023. Fulltrúi stofunnar tók því einnig þátt í stefnumótun og gerð aðgerðaráætlunar stjórnvalda um ferðamál sem fram fór á árinu.

Markaðsstofur landshlutanna

Markaðsstofurnar eru hver í sínum landshluta samstarfsvettvangur stjórnvalda, sveitarfélaga, ferðapjónustufyrirtækja og annarra hagaðila um ferðamál og þróun ferðamála landshlutanna. Með tilkomu Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins í samstarfinu eru nú markaðs- og áfangastaðastofur í öllum sjö landshlutum og hringnum þar með lokað.

Markaðsstofunum er ætlað að hafa yfirsýn yfir ferðamál í sínum landshluta, samhæfa stofnanir og fyrirtæki sem vinna að ferðamálum, leiða markaðssetningu landshlutans og vera rödd ferðapjónustunnar á svæðinu útávið um leið og þær eiga að skapa tækifæri fyrir ferðapjónustufyrirtæki og tenda starfsemi.

Markaðsstofur landshlutanna vinna náið saman og þátttaka Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins í samstarfinu var innsigliuð í árslok 2023.

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Aðild


Fyrsti kynningarfundur Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um aðild fyrirtækja að stofunni fór fram fimmtudaginn 8. júní á Center Hótel Plaza. Stofan og starfsemi hennar var kynnt sem og aðildin að stofunni og samstarfsmöguleikar fyrir fyrirtæki og hagaðila. Mikil aðsókn var að fundinum. Í september var síðan haldið Morgunspjall með vin sem hefur meðal annars þann tilgang að fá aðildarfélaga til að kynna starfsemi Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins fyrir öðrum fyrirtækjum og stofnunum. Aðildarfélagar taka þá með sér „vin“ til að kynna starfsemi stofunnar.

Aðild að Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins liggur einkum í þremur meginþáttum: aukunum slagkrafti í markaðssetningu, þátttöku í þróun áfangastaðarins og öflugu tengslaneti. Eftir því sem fleiri eiga aðild að stofunni eykst slagkraftur sem kemur aðildarfélögunum öllum til góða.

Aðildarfélagar fá m.a. aukinn sýnileika á heimasíðu og í samfélagsmiðlum Markaðsstofunnar, þeir geta tekið þátt í sameiginlegum markaðsvettvangi aðildarfélaga og eru gjaldgengir í skipulagi blaðamanna- og FAM-ferða á vegum Markaðsstofunnar.

Þróun áfangastaðarins er einn meginþátturinn í starfi Markaðsstofunnar og með aðild fá fyrirtæki aðgang að upplýsingum og geta tekið þátt í stefnumótun og þróunarverkefnum á vegum stofunnar og tengdra aðila.

Aðildarfélagar geta tekið þátt í reglulegum stefnumótunar- og samstarfsfundum og faghópum sem snerta þá sérstaklega, svo sem um markaðsmál, þróun og fleira.



Aðildarfélagar í lok árs 2023

Reykjavík
Garðabær
Hafnarfjörður
Kópavogur
Mosfellsbær
Seltjarnarnes

BagBee
Basecamp Iceland ehf.
Berjaya Hotels Iceland hf. (7)
Byggðasafn Hafnarfjarðar
Casa Djsa ehf
Center Hotels (9)
Destination Complete ehf.
Eimverk Distillery
Elding Hvalaskoðun Reykjavík ehf.
Elliðarstöð og Jarðhitasýningin
Expedia Group - Lodging Partner Services ehf.
Exploring Iceland
Faxaflóahafnir sf.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn
FlyOver Iceland ehf.
Fróken ehf Gerðasafn
Gljúfrasteinn
Gray Line Iceland
Hafnarborg
Hafnarfjarðarhöfn
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík
HeliAir Iceland
Hið íslenska reðasafn
Hönnunarsafn Íslands
Icelandair
IcelandCover
Icelandia
Isavia
Íshestar ehf
Íslandshótel (7)
Jómfrúin
Keahotels (6)
Lava Show

Listasafn Einarssonar
Listasafn Íslands
Listasafn Reykjavíkur
Listasalurinn Mosfellsbæ
MD Reykjavík
Menningarhús og bókasöfn
á höfuðborgarsvæðinu (6)
Náttúrufraeðistofa Kópavogs
Pink Iceland
Reginn – Hafnartorg & Smáralind
Safari hjól
Salurinn
Sky Lagoon
Sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu (18)
Special Tours
Strætó bs.
Travel Connect
Your Friend In Reykjavík
Þjóðminjasafn Íslands
Whale Safari





II. Stefnumörkun áfangastaðarins



Vinna við stefnumörkun

Stefnumörkun fyrir áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið var unnin á tímabilinu september til loka árs 2023 í samstarfi við Instrúment. Markmið stefnumörkunarinnar er að búa til langtímasýn fyrir áfangastaðinn, að hann aðgreini sig skýrt frá öðrum áfangastöðum á markaðnum og hafi spennandi sögu að segja.

Vinnan við stefnumörkunina fór fram í þremur vinnustofum í september 2023 þar sem stefnuráð, stjórn og aðildafélagar, um 60 þátttakendur, unnu saman að því að móta áherslur og sýn. Fyrsta vinnustofan var haldin 13. september þar sem stjórn og stefnuráð komu saman. Önnur og þriðja vinnustofan var haldin dagana 20.-21. september þar sem aðildarfélagar hittust. Rætt var um framtíðarsýn, markmið, áherslur og væntingar í tengslum við áfangastaðinn og starf stofunnar. Kristján Schram og Gunnar Þorvaldsson hjá Instrúment leiddu vinnustofurnar.

Til grundvallar lá stefnumörkun stjórnvalda í ferðamálum, áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins 2023-2026, RE-herferð Höfuðborgarstofu sem og ýmislegt annað efni tengt ferðaþjónustu í heiminum sem veitti innblástur og innsýn.

Í vinnunni var því m.a. sett fram framtíðarsýn, gildi, mörkun, markmið og mælikvarðar, markhópar ásamt aðgerðum og forgangsröðun í þróunar og markaðsmálum.

Fyrstu niðurstöður af stefnumörkunarvinnunni voru kynntar á Ferðamálaþingi höfuðborgarsvæðisins 26. október og í kjölfarið var markaðsstefnan lögð fyrir aðildarfélaga og faghóp um markaðsmál til rýni og skoðunar á fundum í nóvember og desember 2023. Stefnumörkunin var síðan lögð fyrir stjórn til samþykktar í desember 2023 og janúar 2024.

Áfangastaðurinn höfuðborgarsvæðið

Framtíðarsýnin fyrir áfangastaðinn

sem við viljum vera þekkt fyrir




Leiðandi í sjálfbærni

Ein heild fyrir fjölbreytta upplifun

Staður til að hægja á

Samfélag lífsgæða

Gestrisni



Leiðarljós

Höfuðborgarsvæðið er vinalegur og nærandi áfangastaður, iðandi af menningu og lífi, en jafnframt náttúruperla sem býr að þeirri hreinu orku sem einkennir Ísland.

Stoðir

Borgin og náttúran

Höfuðborgarsvæðið verður ekki aðskilið frá hinni nærandi náttúru sem í senn flæðir um svæðið og umlykur það.

Orkan og vatnið

Tilveran er að mörgu leyti byggð á hitanum og orkunni sem býr í náttúrunni. Það hefur mótað samfélagið og gert að fyrirmynd annarra.

Samfélag lífsgæða

Samfélagið er opið, frjálslýnt og fjölskylduvænt. Það einkennist af fjölbreytileika, umburðarlyndi, samkennd og jafnrétti – sem íbúar eru stoltir af.

Minnsta stórborgin

Höfuðborgarsvæðið býr yfir öflugu menningarlífi - oft kraftmeira en gestir búast við - sem stenst fyllilega samanburð við stærri borgir.

Sjálfbærni er megináherslan í öllum stoðunum
SUMAR, VETUR, VOR & HAUST

Gildi

Nærgætni

Umburðarlyndi

Útsjónarsemi

Gestrisni

Stolt



III. Verkefni á árinu

Vörumerkin

Ásýnd stofunnar var hönnuð á árinu af Hvíta húsinu en hún byggði á þáverandi ásýnd Visit Reykjavík sem nýbúið var að hanna og þótti akkur í að nýta.

Við stofnun Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins var stefnt að því að vörumerkið Visit Reykjavík yrði í umsjón stofunnar og væri ásýnd hennar í markaðsstarfi á erlendum mörkuðum. Öll sveitarfélögin eru sammála um virði þess að vinna undir þeim merkjum.

Vörumerkið var í umsjón Höfuðborgarstofu frá því að Höfuðborgarstofu var hleypt af stokkunum 2003 og er eign Reykjavíkurborgar. Á fundi borgarráðs Reykjavíkurborgar 16. febrúar 2023 var samþykkt að leggja niður Höfuðborgarstofu, sem undanfara þess að Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins yrði komið á laggirnar. Þar með yrði Visit Reykjavík í umsjón Markaðsstofu, eins og getið er í fundargerð borgarráðs.

Vorið og sumarið 2023 var unnið að samningi um flutning Visit Reykjavík frá Reykjavíkurborg til Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ásamt því að rekstri vefsíðunnar Visit Reykjavík yrði komið í hendur stofunnar. Samningurinn var undirritaður 10. október 2023.

Markaðsstofa ná einnig nafnið Reykjavík & Partners þar sem möguleg verkefni stofunnar gætu í framtíðinni orðið fjölbreyttari.

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

REYKJAVÍK
& PARTNERS

VISIT
REYKJAVÍK

Heimsóknir í sveitarfélög

Haustið 2023 var ákveðið að framkvæmdastjóri myndi staðsetja sig í hverju sveitarfélagi í nokkra daga og upp í viku. Tilgangurinn var að kynna hverju sveitarfélagi fyrir sig og starfsemi þess ásamt fyrirtækjum og stofnunum.

Öll sveitarfélögin voru heimsótt frá september og fram í desember nema Seltjarnarnes sem fékk að bíða til betri tíma.

Morgunspjall með vin

Þann 5. september fór fram fyrsta Morgunspjall með vin. Þar býður aðildarfélagi heim, aðildarfélagar hittast og fara yfir stöðuna og ræða það sem er framundan. Morgunspjall með vin felst í því að aðildarfélagi tekur með sér „vin“, annan aðila í ferðaþjónustunni sem ekki er ennþá aðildarfélagi sem þannig kynnist starfi stofunnar.

Fyrsta morgunspjallið var haldið hjá Lava Show og tóku eigendur fyrirtækisins, Ragnhildur Ágústsdóttir og Júlíus Ingi Jónsson, á móti gestum ásamt því að framkvæmdastjóri fór yfir starfsemi stofunnar.

Næsta Morgunspjall með vin var síðan haldið þann 8. desember í Hafnarborg ásamt því að haldið var jólabingó með vinningum frá aðildarfélögum.

Ferðamálaþing höfuðborgarsvæðisins

Ferðamálaþing höfuðborgarsvæðisins fór fram 31. október í Salnum, Kópavogi en um tveggja tíma dagskrá var að ræða. Alls sóttu rúmlega 110 manns þingið. Á Ferðamálaþingi höfuðborgarsvæðisins var meðal annars rætt um málefni tengd sjálfbærni, umhverfisvitund, mannréttindum og nýsköpun í ferðaþjónustu, ásamt því að farið var yfir segla höfuðborgarsvæðisins út frá leitaráhuga. Ferðamálaþing höfuðborgarsvæðisins verður árlegur viðburður hjá Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Fyrirlesarar voru:

- Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður stjórnar
- Eva María Þ. Lange, eigandi Pink Iceland
- Davíð Örn Ingimarsson, eigandi Iceland Cover
- Hjalti Már Einarsson, viðskiptaþróunarstjóri Datera
- Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar
- Kamma Thordarson, verkefnisstjóri hjá Athafnaborginni Reykjavík
- Sigurður Jökull Ólafsson, markaðsstjóri Faxaflóahafna
- Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs í Hafnarfirði
- Fundarstjóri var Guðlaugur Kristmundsson, framkvæmdastjóri FlyOver.

Samfélagsmiðlar

Markaðsstofan tók við samfélagsmiðlum Visit Reykjavík 3. október og voru fylgjendur þá:

@Instagram / 57 þús fylgjendur
@facebook / 73 þús fylgjendur

Ákveðið var að leggja áherslu á jólin og hátíðarnar í upphafi og út árið og var m.a. unnin stutt markaðsherferð með auglýsingastofunni Twist þar sem áherslumarkaðurinn var Bandaríkin og sérstök áhersla á New York og Boston.

Vefurinn

Töluverð vinna fór í á árinu að skoða hvernig ætti að yfirfæra vefinn www.visitreykjavik.is tæknilega til Markaðsstofunnar frá Reykjavíkurborg. Vefurinn var fluttur í nýtt kerfi um áramótin 2023/2024 og tókst yfirfærslan mjög vel.

Almannatengsl

Markaðsstofan tók við fyrirspurnum frá bæði ferðamönnum og fjölmiðlum um haustið frá Reykjavíkurborg. Töluvert var um fyrirspurnir ferðamanna og fjölmiðla í tengslum við jólin, hátíðarnar og veitingastaði.

Eldgos hófst á Reykjanesi í byrjun nóvember og tók framkvæmdastjóri m.a. þátt í krýsufundum vegna þessa með stjórnvöldum. Ráðstafanir voru gerðar á samfélagsmiðlum og í samskiptum við fjölmiðla í takti við áherslur Íslandsstofu í skilaboðum út á við erlendis.

Vestnorden

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins tók þátt í ferðakaupstefnunni Vestnorden sem fram fór í Laugardalshöll dagana 17.–18. október. Á ferðakaupstefnunni voru sóttir fundir í tvö daga með erlendum kaupendum ásamt viðburðum þar sem gafst tækifæri til þess að efla tengslin. Alls sóttu um 600 manns kaupstefnuna frá um 30 löndum. Fjöldi aðildarfélaga Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins tók einnig þátt. Vestnorden er samstarfsverkefni Íslands, Færeyja og Grænlands undir hatti NATA, North Atlantic Tourism Association. Það er Íslandsstofa sem skipuleggur ferðakaupstefnuna þegar hún er haldin á Íslandi.

Flugvélin Reykjavík

Í morgunsárið 20. desember var tekið á móti nýrri Boeing 737-8 flugvél á vegum flugfélagsins TUI Airways. Við hátíðlega athöfn á Keflavíkurlugvelli gaf Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, vélinni nafnið REYKJAVÍK. Jólasveinarnir og Grýla gáfu svo öllum farþegum vélarinnar örlitla jólagjöf frá Visit Reykjavík í skemmtilegu samstarfi með Isavia. TUI flýgur og skipuleggur reglulegar ferðir til Íslands yfir vetrartímann í samstarfi við fjölmarga aðildarfélaga Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Ýmsir fundir

Framkvæmdastjóri hélt erindi á ársfundi Fjord Norway í byrjun nóvember og fór þar yfir helstu verkefni og framtíð varðandi þróun stofunnar og áfangastaðarins fyrir fjölda ferðaþjónustuaðila.

Þann 23. nóvember var fundur með forseta Ferðamálastofu Nice Côte d'Azur, Rudy Salles og rædd tækifæri og áskoranirnar í ferðaþjónustu í borgunum og svæðunum tveimur, Reykjavík og Nice. Það var áhugavert að heyra hvernig Nice er nú að fara að leggja áherslu á að fá þangað ferðamenn yfir vetrartímann en hingað til hefur áherslan verið á sumarið. Bandaríkjamenn sækja einnig þangað í síauknum mæli og hefur aðsókn þeirra stóraukist eftir kóvitfaraldurinn og kínverski markaðurinn er byrjaður að taka við sér. Tekjur af ferðamönnum hafa stóraukist á síðustu árum og hafa drifið áfram uppbyggingu og þróun á svæðinu. Það er því ljóst að það er margvipað þó svæðin séu ólík. Í Nice einni búa um 400 þúsund manns en hins vegar nær Ferðamálastofan yfir 50 sveitarfélög og var því áhugavert að heyra hvernig samstarfinu væri háttað með slíkan fjölda.

Áfangastaðaáætlun

Samhliða stofnun stofunnar kom út áfangastaðaáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2023-2026. Í henni er stefna og áherslur fyrir áfangastaðinn til næstu þriggja ára. Hún er fyrsta áfangastaðaáætlunin fyrir höfuðborgarsvæðið. Í henni eru aðgerðir tengdar ferðaþjónustu sem m.a. sveitarfélögin ætla að framkvæma og þannig geta allir unnið í takt.

Áfangastaðaáætlun er unnin að frumkvæði stjórnvalda, í samstarfi við sveitarfélög, hagaðila og íbúa.

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins fór strax að vinna eftir áætluninni og nýtti hana einnig inn í frekari stefnumörkun fyrir áfangastaðinn eins og komið hefur fram.



Áfangastaðaáætlun
höfuðborgarsvæðisins
2023–2026



Seglar höfuðborgarsvæðisins

Seglar eru þeir ferðamannastaðir sem laða að sér fólk. Það skiptir miklu í markaðssetningu fyrir ferðamenn að seglar séu til staðar innan áfangastaða, sem og jafnvel að áfangastaðurinn sjálfur sé segull. Seglar hafa áhrif á allt svæðið í kring um þá, þeir auka líkur á að gestir dvelji lengur á svæðinu og allir geta nýtt kraft seglana í markaðsstarfi og þannig notið nálægðar þeirra.

Þann 11. desember var haldinn rýnifundur um segla höfuðborgarsvæðisins á vegum Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins. Hjalti Már Einarsson, viðskiptaþróunarstjóri Datera, kynnti ítarlega niðurstöður úttektar á helstu seglum höfuðborgarsvæðisins út frá leitaráhuga fyrir aðildarfélögum Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins. Fyrstu niðurstöður höfðu áður verið kynntar á Ferðamálaþingi höfuðborgarsvæðisins þann 31. október.

Tíu helstu seglar höfuðborgarsvæðisins út frá leitaráhuga:

1. Sky Lagoon - Kópavogur
2. Harpa - Reykjavík
3. Hallgrímskirkja - Reykjavík
4. Hið íslenska reðasafn - Reykjavík
5. Perlan - Reykjavík
6. Sólfarið - Reykjavík
7. Fjörukráin – Víkingahótelíð - Hafnarfjörður
8. Flyover Iceland - Reykjavík
9. Þríhnúkagígur - Kópavogur
10. Lava Show - Reykjavík

Útivistarvefur höfuðborgarsvæðisins

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) skoðuðu fýsileika þess að gera útivistarvef fyrir höfuðborgarsvæðið og tók Markaðsstofan þátt í þeirri vinnu. Markaðsstofan tók einnig að sér að halda fund með völdum aðildar- og hagaðilum í ferðaþjónustu til þess að ræða mögulegt notagildi hans fyrir þann hóp. Fundurinn var haldinn í nóvember.



IV. Ársreikningur

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023
Rekstrartekjur		
Framlög sveitarfélaga		39.590.000
Tekjur vegna aðildargjalda		2.731.996
Aðrar tekjur		13.585.136
		<u>55.907.132</u>
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld	6	21.419.549
Annar rekstrarkostnaður		19.048.554
		<u>40.468.103</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		15.439.029
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur		292.885
Vaxtagjöld		(2.041)
		<u>290.844</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	7	<u>15.729.873</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023
Eignir		
Viðskiptakröfur	3	515.414
Aðrar skammtímakröfur		79.014
Fyrirframgreiddur kostnaður	4	410.000
Handbært fé	5	19.992.717
		<u>Veltufjármunir</u>
		<u>20.997.145</u>
		Eignir samtals
		<u><u>20.997.145</u></u>
Eigið fé		
Stofnfé		1.500.000
Óráðstafað eigið fé		15.729.873
		<u>Eigið fé</u>
	7	<u>17.229.873</u>
Viðskiptaskuldir		1.605.762
Aðrar skammtímaskuldir		2.161.510
		<u>Skammtímaskuldir</u>
		<u>3.767.272</u>
		 Skuldir samtals
		<u>3.767.272</u>
		Eigið fé og skuldir samtals
		<u><u>20.997.145</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarniðurstaða ársins	7	15.729.873
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Veltufé frá rekstri		<u>15.729.873</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, hækkun	(1.004.428)
Skammtímaskuldir, hækkun		<u>3.767.272</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>2.762.844</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>18.492.717</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Innborgað stofnfé	7	1.500.000
Fjármögnunarhreyfingar		<u>1.500.000</u>
Hækkun á handbæru fé		19.992.717
Handbært fé við stofnun		<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>19.992.717</u></u>



MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

VISIT REYKJAVÍK

Ábyrgðarmaður
Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Umbrot og hönnun
Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins.

Október 2024